



Þetta er ekki forvarnarleikrit!

Höfundur leikverks: Matthías Tryggvi Haraldsson

Sæl verið þið kærur áhorfendur, tíundubekkingar, kennarar, leiklistarspekúlantar,

Það er heiður að fá ykkur á sýninguna *Vloggið* og vonandi nutuð þið stundarinnar saman í leikhúsinu.

Umfjöllunarefni, innihald eða boðskapur leikrits er auðvitað afstæður og býr í raun í upplifun hvers og eins ykkar. Þannig hugsar fólk þegar talað er um „dauða höfundar“. Höfundurinn ákveður ekki merkingu verksins. Það eruð þið, áhorfendurnir, sem ákveðið merkingu verksins, vegna þess að í ykkar upplifun verður hið raunverulega verk.

Þó myndi ég segja, ef ég þyrfti að ávarpa ykkur úr gröfinni, þar sem ég er auðvitað steindauður á þessu stigi málsins:

Þetta er ekki forvarnarleikrit!

Ef ykkur fannst þetta leikrit vera prédikun um það að áfengi er óhollt eða að það er bannað að reykja þá hefur mér gjörsamlega mistekist ætlunarverk mitt. Þið vitið að áfengi er óhollt, þið þurfið ekki leikskáld til að segja ykkur það. Ekki láta leikskáld eða rithöfunda segja ykkur nokkurn skapaðan hlut ef út í það er farið. Þið sem áhorfendur eru gagnrýnar skepnur og takið öllu með fyrirvara, þið veltið upp spurningum í samtali við listina, þið upplifið.

Þegar ég var fimmtán ára upplifði ég forvarnarstarf sem áróður. Meiningin er auðvitað falleg, enda er mikilvægt að fræða fólk um andlega og líkamlega heilsu, en mitt hlutverk er ekki að fræða ykkur. Leikhúsið er vettvangur til samtals.

Frekar vil ég að þið spyrjið ykkur: Hvað gefur þessum fíflum á sviðinu ástæðu til að ætla að hafa vit fyrir öðrum? Hvers vegna vilja þau miðla þessum yfiringilega boðskap á internetið? Hvað felst í því að birta sig og sínar meiningar á Youtube? Hvernig sviðsetjum við sjálf okkur fyrir framan myndavél? Hvenær verður boðskapur svo yfirdrifinn að hann snýst í andhverfu sína? Gerir maður málstaðnum greiða með því að miðla honum illa? Hvernig nær maður til fólks svo það hlusti? Hvaða vald felst í því?

Svona getur verið skemmtilegt að vera listamaður: Ég varpa þessum spurningum á ykkur án þess að þykjast nokkurn tímann ætla að svara þeim sjálfur.

Góðar stundir!
Matthías

Umræður fyrir kennara eftir sýninguna *Vloggið*





HÍ

MENNTAVÍSINDASVIÐ



Höfundar námsefnis: Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir

Hvernig sjáðið þið það fyrir ykkur að koma ætti skilaboðum til unglunga um þeirra mál?

Hvað er gagnrýnin hugsun?

Eru allar upplýsingarnar í sýningunni réttar?

Hvar finnur maður réttar upplýsingar?

Hvernig veit maður að þær upplýsingar sem maður finnur séu réttar?

